

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 420/2011 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009.

1. gr.

Heiti reglugerðar nr. 420/2011 verður: Reglugerð um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009 hvað varðar visthönnun á rafmagnshreyflum.

2. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til á eftir lið 36 í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2014, frá 16. maí 2014, um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af IV. kafla II. viðauka og IV. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 4/2014, frá 6. janúar 2014, um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á rafmagnshreyflum.

3. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 4/2014 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 36/2014, 12. júní 2014, bls. 135.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 12. gr. laga nr. 42/2009, um visthönnun vöru sem notar orku, ásamt síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 25. september 2014.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.